



HAFNFIRÐINGUR

Miðvikudagur 2. desember 2020

hafnfirdingur.is - fullt af fréttum úr Firðinum

21. tbl.38. árg

BIFVÉLA VIRKINN
VOLVO ÞJÓNUSTA
Norðurhelli 8, HFJ - s. 547-6600
www.bifvelavirkinn.is

Sólvangvegur 3



38,9 millj.
2ja herb.

Sérlega björt og falleg tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð í vönduðu og góðu lyftuhúsi ætlað 60 ára og eldri á Sólvangssvæðinu miðsvæðis í bænum.

Klettahraun 15



89,8 millj.
6 herb.

Fallegt einbýli á einni hæð 164 fm auk innb. bílskúr 41,9 fm samtals 205,9 fm. á þessum eftirsóttu stað. Eign sem býður upp á mikla möguleika. Stór og góður garður.

Skógarás 5



135 millj.
8 herb.

Glæsilegt vandað tvílyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 299,6 fermetrar vel staðsett á glæsilegum útsýnisstað í Áslandshverfi í Hafnarfirði.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



GLEÐILEGA AÐVENTU

Mynd/Eva Ágústa Araðóttir

Aðventan er gengin í garð og meðal þess sem einkennir hana alla jafna er að fólk hittist og gleðst saman. Vegna aðstæðna í samfélaginu vegna covid nýta margir upplöndin til útiveru og samveru, því þar er nóg pláss og náttúruleg loftræsting. Afar vinsælt er meðal fullorðinna og barna að ganga út á frosið Hvaleyrarvatn og ljósmyndari Hafnfirðings sem átti leið hjá einn blíðviðrisdaginn, stóðst ekki mátið með að smella af slíku augnabliki.



Rekstrarumsjón

TRAUST HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTA

WWW.REKSTRARUMSION.IS

SÍMI: 571-6770

Parkó

Parketslípun / Parketlagnir

Parketþjónusta
Hafnarfjarðar



parko.is
s: 821 5880



Í hjarta Hafnarfjarðar frá 1988

Fjarðargata 17 ☎ 520 2600 🌐 www.as.is



Stofnuð 1988



2017-2019 Excellent in Iceland





FRÍMANN & HÁLFDÁN ÚTFARARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR



Frímann
897 2468



Hálf dán
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Cadillac 2017

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUBÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð
vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali // as@domus.is // 896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
220 Hafnarfjörður
s. 440 6013
www.domus.is



MÆÐRASYRKSNEFND HAFNARFJARÐAR

Á heimasíðunni maedrastyrksnefnd.is er opið fyrir
rafrænar umsóknir um jólaaðstoð 2020

Umsækjendur þurfa að hafa lögheimili í Hafnarfirði og umsókninni þarf að fylgja búsetuvottorð og staðgreiðsluskrá fyrir árið 2020. Ekki verða auglýstir umsóknardagar vegna ástandsins í þjóðfélaginu, en hægt verður að bóka tíma í síma nefndarinnar 843-0668.

Velunnurum nefndarinnar er bent á reikninga nefndarinnar
Íslandsbanki: 544-04-760686
Landsbanki: 0140-15-381231
Kennitala 460577-0399



Aðventustund í Hafnarfjarðarkirkju í upphafi aðventu

Vefslóð á upptöku hátíðarstundar má finna á feisbókarsíðu
Hafnarfjarðarkirkju.

Unglingakór kirkjunnar og félagar í Barbörúkórnum syngja
aðventusálma og aðventulög undir stjórn Helgu Loftsdóttur
og Guðmundar Sigurðssonar.

Sr Þórhildur Ólafs leiðir stundina.

**Þetta er síðasta helgistund sr Þórhildar sem sóknarprestur
Hafnarfjarðarkirkju en hún lét af störfum 30. nóvember.**

Í jólablaðinu verður auglýst með hvaða hætti helgihald
verður um jól og áramót.

Upplýsingar um annað starf og þjónustu er að finna á
heimasíðu Hafnarfjarðarkirkju.

Sjá nánari upplýsingar á hafnarfjardarkirkja.is
og facebook.com/Hafnarfjarðarkirkja




HVER Á BEST SKREYTTA HÚSIÐ Í HAFNARFIRÐI?

Opnun jólaborpsins um sl. helgi markaði upphaf aðventunnar í Hafnarfirði.
Bæjarbúar hafa heldur betur tekið hvatningunni um að skreyta hús sín og
lýsa upp skammdegið vel og nú stýttist óðum til jóla. Á Þorláksmessu verða
veitt verðlaun fyrir best skreyttu íbúðarhúsin og best skreyttu götuna í
Hafnarfirði.

Hafnfirdingur og vinir Hafnarfjarðar eru hvattir til þess að setja upp stóru
jólageraugun í desember og senda ábendingu um það hús í Hafnarfirði sem
þeim þykir bera af í jóla skreytingunum þetta árið. Menningar- og ferðamálanefnd
Hafnarfjarðarbæjar mun sjá um val á best skreyttu húsinu.

Senda má ábendingar á jolathorp@hafnarfjordur.is til og með 15. desember



LÆGSTA VERÐ ÓB

**FJARÐARKAUP
ARNARSMÁRI
BÆJARLIND
HLÍÐARBRAUT AKUREYRI**

**ENGIN SKILYRÐI. ÞÚ ÞARFT HVORKI LYKIL NÉ KORT.
ÖNNUR VILDARKJÖR GILDA EKKI MEÐ LÆGSTA VERÐI ÓB.**

ob.is

SAMSTARF



STARFSÁNÆGJAN HEFUR GÓÐ ÁHRIF Á BÖRNIN

Stephen James Midgley og Guðbjörg Bjarkadóttir læra til leikskólakennara.

Mynd: OBP

Í FIMM ÁR HEFUR STARFSFÓLKI Í LEIKSKÓLUM HAFNARFJARDARBÆJAR STADID TIL BODA NÁMSSTYRKIR FRÁ BÆNUM TIL ÞESS AÐ STUNDA NÁM Í LEIKSKÓLAKENNAFRÆÐUM. MARKMIÐIÐ MEÐ FRAMTAKINU ER AÐ AUKA HLUTFALL FAGMENNTAÐRA Í LEIKSKÓLUM SVEITARFÉLAGSINS OG ÞAR MEÐ Í HÓPI LEIKSKÓLAKENNARA. HAFNFIRÐINGUR HITTI TVÖ AF ÞEIM 30 SEM HAFA TEKIB ÞESSUM MÖGULEIKA FEGINS HENDI ÞETTA SKÓLAÁR, ÞAU GUÐBJÖRGU BJARKADÓTTUR OG STEPHEN JAMES MIDGLEY. VINNUSTAÐUR ÞEIRRA SAMHLIBA NÁMINU ER SKARÐSHLÍÐARLEIKSKÓLI, EN HANN DEILIR HÚSNÆÐI MEÐ GRUNNSKÓLA, TÓNLISTARSKÓLA OG ÍPRÓTTAHÚSI OG SAMSTARF ÞESSARA STARFSSEININGA BYÐUR JAFNT NEMENDUM SEM STARFSFÓLKI UPP Á FJÖLBREYTTAR LEIÐIR TIL NÁMS OG SKÖPUNAR.

Stephen er fæddur 1981 og mætti segja að hann sé kynslóð á undan Guðbjörgu, sem er fædd 1999. Fjölskylduhagur þeirra eru einnig ólíkir, en Stephen er giftur fjögurra barna faðir, en Guðbjörg er barnlaus og kláraði framhaldsskólanám 2018. „Ég var framkvæmdastjóri fyrirtækis áður en ég valdi þennan vettvang, einn á skrifstofu og með mannaforráð,“ segir Stephen, en það hafi átt betur við hann að vinna á leikskóla og hann hafði góða reynslu af börnum, með fjögur slík heima. „Ég hafði hugsað mér að læra til leikskólakennara en miklaði fyrir mér að fara í háskólanám og missa heimilistekjurnar. Ég var búinn að starfa á Tjarnarásí í töluverðan tíma þegar skólastjórnin þar benti mér á þessa leið. Ég sótti um og finnst þetta frábært tækifæri - að fá greitt fyrir

að læra og einnig þegar prófatiðin er og lotur í náminu. Þetta er líka kjörð tækifæri til að fjárfesta í sjálfum mér,“ segir Stephen og brosir. Hann hóf störf í Skarðshlíðarleikskóla núna í haust og líkar afar vel þar, eftir eitt ár á Tjarnarásí.

STÍGUR VEL ÚT FYRIR ÞÆGINDARAMMANN

Guðbjörg hóf störf í Skarðshlíðarleikskóla fyrir ári sem almennur starfsmaður og var áður fjóra mánuði á Hamravöllum. „Ég hafði skráð mig í BA-nám í íslensku í HÍ, en hætti við eftir að ég sá kynningu á þeim möguleika að fá greitt fyrir að læra að verða leikskólakennari. Ég bara greip tækifærið því ég hafði vel hugsað mér að verða leikskólakennari. Það var líka hjartanu nær,“ segir hún og bætir aðspurð við að það mest heillandi við starfið séu börnin og gleðin og hvað börn eru yfirleitt áhugaverðir einstaklingar. „Allt frá því að ég var í 8. bekk í Hraunvallaskóla hef ég verið að þjálfra 6-10 ára börn í frjálsum og fannst það eiga vel við mig. Leikskólastarfið hjálpar manni heilmikið með að stíga út fyrir þægindarammann. Þegar ég átti í fyrsta sinn að vera með samveru fyrir krakkana hugsaði ég guð minn góður því ég hef alltaf átt erfitt með að standa fyrir framan hóp og tjá mig. Núna er ég farin að spila á gítar og syngja allskonar söngva, búa til leikrit og ýmislegt annað. Eitthvað sem mér hefði ekki dottið í hug að ég gæti gert. Börnin hjálpa manni líka svo mikið við þetta því þau dæma aldrei, heldur hvetja og styðja ef eitthvað er.“

GLEÐI, SKÖPUN, HJÁLPSEMI OG HRESSLEIKI

Gaman er að geta þess að Stephen spilar líka á gítar, sem og þriðji starfsmaður Skarðshlíðarleikskóla sem er á sama samningi og viðmælendur okkar. „Þegar ég ræddi við vin minn um daginn minntist ég á í gamni við hann að einu leiðin fyrir mig til að fá borgað fyrir að gera það sem er skemmtilegt hefðu verið að vera tónlistarmaður, atvinnumaður í fótbolta eða leikskólakennari. Þetta var raunsæjasti

valmöguleikinn. Starfsánægjan hefur líka góð áhrif á börnin. Það er svo margt sem þau læra hér sem er ekki endilega hluti af skipulögðu skólastarfi. Bara í því sem þau fást við daglega. Gleði, sköpun, hjálpssemi og hressleiki. Það er heldur ekki hægt að fela persónu sína fyrir börnunum, þau draga hana bara fram á sinn einlæga og opinskáa hátt og það er öllum hollt,“ segir Stephen að lokum.





„Þú færð vinsælu vetrarvörurnar okkar í Bilanaust Dalshrauni“



varahlutir



vetrarvörur



rafgeymar



olíur

Bilanaust Dalshrauni 17

Sími 555 4800



STÖRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



SNEMMTÆK ÍHLUTUN HEFUR MARGSANNAD SIG

RÉTT ÚRRÆÐI MINNKA NÁMSÖRÐUGLEIKA

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur á mennta- og lýðheilsuviði Hafnarfjarðarbæjar.

Mynd: OBP

EINN GRUNNSKÓLI OG SJÖ LEIKSKÓLAR HAFA LOKIÐ VIÐ INNLEIÐINGU ÞRÓUNARVERKEFNISINS SNEMMTÆK ÍHLUTUN HVAD VARÐAR MÁL OG LÆSI OG ÞRÍR LEIKSKÓLAR ERU Í INNLEIÐINGARFERLI. ÁSTHILDUR BJ. SNORRADÓTTIR, TALMEINAFRÆÐINGUR Á MENNTA- OG LÝÐHEILUSVIÐI HAFNARFJARÐARBÆJAR, HEFUR LEITT ÞETTA ÞRÓUNARVERKEFNI UM ÁRABIL Í NÁNU SAMSTARFI VIÐ SKÓLASTJÓRNENDUR OG TENGILÍBI INNAN SKÓLANNNA.

„Ef byrjað er nógu snemma að vinna eftir aðferðum snemmtækra íhlutunar er hægt að draga úr og jafnvel koma í veg fyrir námsörðugleika. Leikskóli er fyrsta skólastig barns. Snemmtæk íhlutun felur í sér að í kjölfar greininga, athugana og skimana á alltaf að setja af stað íhlutun í kjölfarið. Einnig á að vísa börnunum í víðeigandi úrræði eftir þörfum. Með auknum aldri barnanna, án inngrips með réttum úrræðum, verða vandamál þeirra oft stærri og mun erfiðara að mæta þörfum þeirra,“ segir Ásthildur, sem hefur mikinn áhuga á tengslum máls og lestrar ásamt því að veita íhlutun við hæfi eins snemma og hægt er.

VIÐJA MÆTA ÖLLUM BÖRNUM MED FRÁVIK Í MÁLÞROSKA

Hún kom til starfa hjá Hafnarfjarðarbæ fyrir ll árum og hefur m.a. leitt þróunarverkefnið innan bæjarins. „Ég vildi koma aukinni þekkingu inn í skólakerfið um mikilvægi snemmtækra íhlutunar, þróun í málþroska og kynna verkfæri til árangurs til að mæta öllum börnum með frávík í málþroska þannig að þau nái hámarksárangri hvað varðar mál og lestur. Í kjölfarið varð til þetta verkefni. Í því er lögð áhersla á að efla mannauðinn sem er til staðar í skólunum og styrkja samvinnu á milli skóla, fagstétta og stofnana.“

Hluti af þróunarverkefninu sé að vinna með sérstakan handbókarramma en þó ávallt áhersla á að sérkenni hvers leikskóla komi skýrt fram, auk fræðslu og samvinnu allra sem taka þátt í verkefninu og að virkja foreldra til þátttöku. Unnið sé út frá aðgerðaráætlun sem hver skóli útfæri. „Rannsóknir sýna að markvissar aðgerðir í skólastarfi sem að byggja á aðferðum snemmtækra íhlutunar skila árangri. Mér finnst erfitt að hugsa til þeirra barna þar sem hægt hefði verið að grípa fyrr inn í með víðeigandi aðstoð. Hins vegar hefur á undanförunum árum orðið vitundarvakning hvað þetta varðar,“ segir Ásthildur og bendir á að samvinna við heilsugæslustöðvarnar skipti miklu máli. „Við finnum ung börn, sem eru í áhættu vegna m.a. málþroskafrávika, í gegnum reglubundnar skimanir á heilsugæslunni. Í tímans rás hefur verið of mikið um að biða og sjá til í stað

snemmtækra íhlutunar.“

LEIKSKÓLI ER FYRSTA SKÓLASTIGIÐ OG MENNTUN KENNARANNA MIKILVÆG

Árangur þróunarverkefnisins komi m.a. fram í aukinni valdeflingu meðal starfsfólks skólanna og vísbendingar séu um minni þörf fyrir greiningar. „Þetta verkefni verður hluti af verklagi Brúarinnar (sambætt þjónusta bæjarins til að auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra) og stuðlar að því að veita markvissa og stigskipta þjónustu fyrir öll leik- og grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra.“ Mikilvægt sé að í leikskóla sé lagður mikilvægur grunnur að öllu námi barna og því skiptir menntun leikskólakennara miklu máli en jafnframt að virkja allt starfsfólk leikskólanna til þátttöku í starfinu. „Með innleiðingu á þróunarverkefninu er gert ráð fyrir að börnin komi betur undirbúin til að takast á við nám í fyrsta bekk í grunnskóla.“

HANDBÓK LEIKSKÓLANS GÓÐ FYRIRMYND

Leikskólar í Hafnarfirði sem þegar hafa unnið að innleiðingu á verkefninu eru Norðurberg, Bjarkalundur, Álfaberg, Álfasteinn, Hlíðarberg, Hörðuvellir og Smáralundur. Auk þess eru þrír leikskólar í innleiðingarferli; Hlíðarendi, Hraunvallaleikskóli og Vesturkot. Fyrsti grunnskólinn til að innleiða sambærilegt þróunarverkefni er Skarðshlíðarskóli. „Hver leikskóli lýkur þróunarverkefninu með því að gefa út Handbók leikskólans, til að samhæfa fagvinnu innbyrðis og festa vinnubrögð sem byggja á gagnreyndum aðferðum. Bækurnar eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra skóla. Einnig verður mikil áhersla lögð á áframhaldandi samvinnu, endurskoðun á þróunarverkefninu og kynningu á því fyrir foreldra og annað fagfólk.“



Ásthildur ásamt leikskólástjórn skólanna sem þegar hafa innleitt þróunarverkefnið.

Sæfarar, hipsterar, söngvarapör
þurfa söfn til að kanna og lakkrísör.



Pegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða. Kynntu þér málið á gjordisvovel.is.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



JÓLAINNKAUPIN Í HAFNARFIRÐI

VIÐ SKORUM Á HAFNFIRÐINGA AÐ GERA
JÓLAINNKAUPIN Í BÆNUM OKKAR

STÖNDUM SAMAN - HÉR ER ALLT TIL ALLS



MARKAÐSSTOFA
HAFNARFJARÐAR



LÖGMAÐUR HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ OG LÖGMAÐUR LÓÐAREIGENDA

ÓSAMMÁLA UM ÚRSKURÐ KÆRUNEFNDAR VEGNA STÖÐUGJALDA

Jón Auðunn Jónsson, lögmaður.

Mynd: OBP

Í JANÚAR 2016 VAR TEKID UPP ÞAÐ VERKLAG HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ AÐ SÆKJA ÞYRFTI UM STÖÐULEYFI VEGNA GÁMA OG AÐ INNHEIMT YRÐU STÖÐUGJÖLD AF ÞEIM. ÞETTA ÁTTI VIÐ UM ALLA LÓÐARHAFNA ATVINNU- OG ÍBÚÐARLÓÐA NEMA ÞÁ SEM ERU MEÐ SKILGREINT GÁMASVÆÐI SAMKVÆMT SKIPULAGI. ÖLLUM EIGENDUM LÓÐA, ÞAR SEM VITAÐ VAR TIL AÐ GÁMAR VÆRU TIL STABAR TIL LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA, VAR SENT DREIFIBRÉF TVEIMUR ÁRUM SÍÐAR OG GERT AÐ SÆKJA UM LEYFI FYRIR ÞÁ GÁMA SEM BÆRINN TALDI AÐ VÆRU Á LÓÐ ÞEIRRA. ÞEIM VAR GEFINN FRESTUR OG TEKID FRAM AÐ GREIÐA ÞYRFTI GJALD FYRIR HVERT LEYFI FYRIR HVERN EINSTAKAN GÁM, MISMUNANDI HÁTT EFTIR STÆRÐ GÁMS. NÚ LIGGUR FYRIR ÚRSKURÐUR KÆRUNEFNDAR UMHVERFIS- OG AÐBLINDAMÁLA FRÁ 27. OKTÓBER, SEM JÓN AUÐUNN JÓNSSON HRL, SEGIR STADFESTA AÐ FORSENDUR BÆJARINS, TÚLKUN HANS Á LAGA OG REGLUGERÐARÁKVÆÐUM OG FRAMKVÆMD HANS Á INNHEIMTUNNI HAFI VERIÐ ÓLÖGMÆTAR, Í TVEIMUR MEGINATRIÐUM; BÆRINN HAFI INNHEIMT GJÖLD OG LAGT DAGSEKTIR Á RANGAN AÐILA, Þ.E. LÓÐAREIGANDANN, OG HAFI HAFT RANGT FYRIR SÉR VARÐANDI LÓÐIR MEÐ SKIPULÖGD Geymslsvæði. ÍVAR BRAGASON, LÖGMAÐUR HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ, SEGIR AÐ FYRST OG FREMST HAFI VERIÐ REYNT Á TÚLKUN ÞESS HVAD TELST VERA „SÉRSTAKLEGA SKIPULAGT SVÆÐI“.

„Það var ekkert við upphaflegt verklag að athuga, enda kveðið á um skylduna til að sækja um stöðuleyfi í byggingarreglugerð. Nokkur atriði

voru gagnrýnd af þeim sem fengu þessi bréf, þ.á.m. fjárhæð stöðugjalda, að hún ætti að margfaldast eftir fjölda gáma, að eigandi væri krafinn um þetta en ekki eigandi gáms og loks að skipulögd gámasvæði inni á iðnaðarlóðum væru ekki viðurkennd,“ segir Jón Auðunn. Fjöldi aðila hafi mótmælt allri framkvæmd bæjarins og túlkun hans á Mannvirkjalögum og Byggingarreglugerð. „Samtök iðnaðarins tóku undir málstað þessara aðila og hófu viðræður við bæinn. Í leiðbeiningum sem Mannvirkjastofnun gaf út var tekið undir málsástæður og túlkun þessara aðila. Þetta skipti engu máli. Stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar vissu greinilega betur en sjálf Mannvirkjastofnun.“

20 ÞÚSUND Á DAG

Jón Auðunn segir að bréfum hafi rignt yfir bæjaryfirvöld með mótmælum, athugasemdum og rökstuðningi. Efnt hafi verið til funda með bæjarstjóra, bæjarlögmanni og byggingarfulltrúa. En það hafi ekki skilaði neinu. „Þeim sem enn þráuðust við var hótad öllu illu. Á einhverju tímamarki var þeim hótad því að byggingarfulltrúi kæmi með krana og flutningavagn til að fjarlægja gámana, á kostnað eigenda, en enginn fékkst í þessa flutninga fyrir bæinn. Þá greip byggingarfulltrúi til þess ráðs að leggja á menn dagsektir. Tuttugu þúsund krónur á dag! Jafnt á félag og

einstaklinga. Um leið var þeim tilkynnt að sektirnar yrðu felldar niður ef þeir drusluðust til að sækja þegjandi og hljóðalaust um stöðuleyfi og greiddu uppsett verð.“ Fjöldi lögfræðinga hafi á þeim tímamarki bent á að ekki væri dagsekt heimild við því að sækja ekki um stöðuleyfi, en enginn hafi hlustað. „Lóðareigendur sáu í heimabankanum ævisparnaðinn sinn hverfa í greiðslu dagsekta. Þeir brotnuðu saman og gáfust upp. Gátu ekki tekið áhættuna og greiddu uppsett gjöld.“ Nú liggja úrskurðir Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir. „Ég hef enn ekki hitt neinn, þ.e. sem ekki er starfsmaður bæjarins, sem telur þá aðferð vera í samræmi við lög.“

EKKI RÉTT AÐ BÆRINN HAFI INNHEIMT RANGAN AÐILA

Ívar Bragason, lögmaður hjá Hafnarfjarðarbæ, svaraði fyrirspurn Hafnirfjörðings vegna þessa máls og hann sagði ekki rétt að útskurðað hafi verið að Hafnarfjarðarbær hafi innheimt gjöld og lagt dagsektir á rangan aðila, þ.e. lóðarhafann. Á það atriði hafi í raun ekki reynt í málinu. „Málið snérist fyrst og fremst um túlkun og skýringu á ákvæðum laga um mannvirki nr. 123/2010 og ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þannig segir í byggingarreglugerðinni að sækja skuli um stöðuleyfi ef láta á t.d. gám standa lengur en tvo mánuði

utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögd og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna. Reyndi því fyrst og fremst á túlkun þess hvað telst vera „sérstaklega skipulagt svæði“.

YFIRFERÐ YFIR ÚRSKURÐINN EKKI LOKIÐ

Hvorki í mannvirkjalögum né byggingarreglugerð sé skilgreint hvað sé átt við með „skipulögdum svæði“ í því sambandi. „Í samræmi við almenna hugtakanotkun í mannvirkjalögum, byggingarreglugerð og skipulagslögum nr. 123/2010 hefur Hafnarfjarðarbær þó miðað við að átt sé við svæði sem hafa verið sérstaklega skipulögd, skilgreind eða afmörkuð sem gámasvæði í deiliskipulagi (og eftir atvikum einnig í aðalskipulagi). Á þessi sjónarmið féllst úrskurðarnefndin hins vegar ekki og telur hún að í málinu hafi verið nægilegt að gera grein fyrir gámasvæðum á aðaluppdráttum lóðarinnar eða byggingarnefndarteikningum, þrátt fyrir að ekki hafi verið sérstaklega fjallað um heimild fyrir gámasvæðum í gildandi deiliskipulagi. Það hafi lóðarhafi gert árið 2001 og taldi nefndin því því ekki nauðsyn fyrir kæranda að sækja um stöðuleyfi vegna geymslu umræddra gáma á lóðinni,“ segir í svari frá Ívari. Verið sé að yfirfara úrskurðinn hjá sveitarfélaginu með tilliti til þessa og þeirri vinnu sé ekki lokið.

Bodunarkirkjan

Álfaskeiði 115 Hafnarfirði

Vefsíður: bodun.is - facebook.com/bodunarkirkjan

Samkomur alla laugardaga kl. 11

Útvarp boðun FM 105.5 og í sjónvarpi símans.

Allan sólarhringinn



Fræðsla í boði á netinu

Námshefti í boði.
hafðu samband.
Sími: 555 7676



Kombó mánaðarins

Jólakötturinn og
Sweet Chili Turkey

1.590 kr.



lemon.is



HETJA FYRSTA SKÁKSAGA BJARKAR JAKOBSDÓTTUR

SPENNUSAGA UM ÍSLENSKA HETJU OG SANNA VINÁTTU

Björk Jakobsdóttir í essinu sínu með einum af ferfættu vinum sínum.

Mynd: Aðsend

BJÖRK JAKOBSDÓTTIR LEIKKONA, LEIKSKÁLD, BÆJARLISTAMAÐUR OG NÚ HÖFUNDUR GEFUR NÚ ÚT SÍNA FYRSTU SKÁLDSÖGU, HETJA. BJÖRK SEGIR LÖNGU KOMINN TÍMA Á AÐ GEFA ÚT NÝJA SKÁLDSÖGU UM ÍSLENSKA HESTINN, ÞARFASTA ÞJÓNINN OG VIN SEM HEFUR VERIÐ SAMOFIN SAGNAHEIMI ÍSLENDINGA FRÁ LANDNÁMI. HÚN SEGIR AÐ ALDREI HAFI VERIÐ NAUÐSYNLEGRA AÐ VEITA BÖRNUM AÐGANG AÐ DÝRUM EN EINMITT NÚ.

Sagan er sögð annars vegar frá sjónarhóli Hetju, 5 vetra meri og hins vegar Bjargar 15 ára unglingsstúlku og eiganda Hetju. Þegar Hetja er tekin úr heimahögunum upphefst æsispennandi leit að henni og Hetja reynir allt hvað hún getur að komast heim. En það getur reynst þrautín þyngri þegar hestur þarf að fara langt frá heimahögum og ekkert nema ókunnug fjöll á alla vegu.

Sjálf hefur Björk umgengist hesta allt sitt líf. Fyrst í sveitinni og síðan með sína eigin hesta. „Eins hef ég fararstýrt í hestaferðum með stóð um hálendi Íslands í fjölda ára, bæði í beljandi stormi og brakandi sól. Ég nýti mér þá reynslu í bókinni. Það eru til margar gerðir af hestamennsku. Ég er ekki í keppnis- og myndi eflaust seint vinna landsmót með mína hesta,“ segir Björk og hlær, „en ég er orðin ansi læs á stóðid og hegðun þess.“

Aðspurð segir Björk bókina fyrst og fremst vera spennandi örlaga- og þroskasögu ungrar merar og unglingsstúlku. „En á sama tíma langar mig að veita innsýn í hvernig hestar skynja tilveru sína og hvernig ber að nálgast þá. Þeirra samskipti eru ólík okkar og maður verður að læra hestamálið. Mannverur geta líka verið ólíkar í samskiptum. Björg er til dæmis snertifælin og er greind

á einhverfu rófi í mannheimum en er afburðargreind í samskiptum við hesta. Það eru til svo margar mismunandi greindir. Aðalmarkhópurinn eru börn og unglingar (8 ára og eldri), en fullorðnum þykir hún eflaust líka skemmtileg.“


GÓÐ NÚVITUND AÐ UMGANGAST HESTA

Björk segir hestamennsku hafa ótal kosti. „Talandi um COVID og einangrun, þennan kvíða sem er að aukast hjá börnum og unglingum - og ég finn það hjá sjálfri mér líka. Það er ekki til meiri núvitund en að fara í hesthús og kúpla sig frá daglegu amstri. Þarf þarf ekki alltaf að fara á bak eða vera rosa flinkur og eiga flottan hest. Bara klappa mjúkri hestasnoppu, opna heyrúllu og finna lyktina af seinasta sumri í skammdeginu, hleypa út og moka. Þetta er stórkostlegur lúxus í þjóðfélagi sem er að aftengjast þegar kemur að náttúrunni. Það hefur aldrei verið nauðsynlegra að veita börnum aðgang að dýrum, nú þegar þau fara ekki í sveit eins og í gamla daga.“ Foreldrar telji oft að hestamennskan sé of dýr og að börn geti ekki stundað hana nema að fjölskyldan eigi hesta.

„Í dag er hægt að nálgast hestaþróttina í borg og bæ án þess að barnið eigi hest og það þarf þetta ekki að kosta báða handleggji. Ef fólk langar að kanna þennan kost þá er bara að taka upp síman og hringja í hestafélagið í þínu bæjarfélagi og fá frekari upplýsingar.“ Að umgangast dýr segir Björk að euki viðsýni og umburðarlyndi. „Fyrir mér er ávinningurinn fyrst og fremst andlegur, en þetta er líka heilmikil líkamspjálfun. Það er alveg eins hægt að stunda hestamennsku eins og handbolta, fótbolta eða fimleika.“ Björk bendir á að hægt sé að nota frístundastyrkinn fyrir

hestaþróttir. Svo vona ég að bókinn mín auki skilning barna og áhuga á okkar stórkostlega hestakyni sem hefur verið

örjúfanlegur partur af menningararfi okkar Íslendinga frá upphafi.“



ADSENT

GERUM JÓLAINNKAUPIN Í HAFNARFIRÐI

THELMA JÓNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI MARKAÐSSTOFU HAFNARFJARÐAR

Við í Markaðsstofu Hafnarfjarðar skorum á Hafnfirðinga til að gera jólainnkaupin í Hafnarfirði. Hér er allt til alls þegar kemur að verslun og þjónustu, afar fjölbreyttar og fallegar verslanir sem og veitingastaðir og kaffihús af bestu gerð. Það er ákaflega notalegt og jólalegt að spássera um bæinn, kaupa jólagjafir og fá sér eitthvað góðgæti í kjölfarið.

Miðbærinn okkar sem teygir sig allt frá Norðurbakka að Fornubúðum er fallega skreyttur líkt og undanfarin ár en við

minnum einnig á spennandi verslanir víðsvegar annars staðar í bænum.

Á heimasíðu markaðsstofunnar msh.is er hægt að skoða lista af hugmyndum að hafnfirskri jólagjöf en þar á meðal eru gjafabréf að gæðastund, dýrindis matarkarfa eða listaverk. Á sömu síðu birtist jafnframt vikulega ný umfjöllun um fyrirtæki í bænum þar sem hægt er að kynna þeim sem og fólkinu sem stendur á bak við þau.

Ef þú átt ekki heimangengt þá eru margar verslanir sem og veitingastaðir með heimsendingarþjónustu.



SÖFNUN SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTAKA

Banki 0327-26-114 Kt. 651116-2870
Einnig er hægt að hringja í 900 númer:
907-1081 – gefur 1.000 krónur
907-1083 – gefur 3.000 krónur
907-1085 – gefur 5.000 krónur
907-1090 – gefur 10.000 krónur

SUNDSKÓLI



Ný sundnámskeið fyrir 2-11. ára börn hefjast í janúar. Frekari upplýsingar á sh.is

SKRIÐSUNDSNÁMSKEIÐ
4. vikna námskeið tvisvar í viku. Fyrir þá sem vilja læra og eða bæta sundtækni
SKRÁNING Á
WWW.SH.IS

RioTinto
styrkir barna- og unglíngastarf SH

MENNING



HRING EFTIR HRING Í LITLA GALLERÝI

Sýning á verkum Gunnars Júlíussonar, listamanns í Íshúsi Hafnarfjarðar, verður í Litla Gallerýi dagana 4. til 27. desember. Þema sýningarinnar er timburverk og hringformið, þar sem viðfangsefnið fá rými til að brjótast út úr rammanum.

Hringformið er óendanlegt og lífrænt, með tilvísun til náttúrunnar og Móður Jörð. Timbrið er gamalt og með sögu en hefur nú fengið nýtt hlutverk. Sýningin opnar á hádegi 4. desember og sjálfur verður Gunnar á staðnum á eftirfarandi

dögum:

4. DES 16-18
5. DES 13-17
6. DES 13-17
12. DES 13-16
19. DES 13-16

Þar sem enn eru við lýði samkomutakmarkanir þá eru gestir beðnir um að vera með grímu og gæta að sóttvörnum. Hægt er að sjá fleiri listaverk Gunnars á vefsíðunni www.dinamit.is og á Instagram undir [#gunnarjulart](https://www.instagram.com/gunnarjulart).



ISAVIA FLYTUR Í NÝTT HÚSNÆÐI

„VERÐUR ALLT ANNAR LÍF Í DALSHRAUNINU“

Nýjar höfustöðvar Isavia verða hér að Dalshrauni.

Mynd: OBP

MÓÐURFÉLAG ISAVIA FLYTUR HÖFUÐSTÖÐVAR SÍNAR AF REYKJAVÍKURFLUGVELLI AÐ DALSHRAUNI Í HAFNFIRÐI INNAN SKAMMS, EN FÉLAGIÐ HEFUR ÞEGAR FENGIÐ HÚSNÆÐIÐ AFHENT. STARFSEMIN VERÐUR NÚ ÖLL Á EINNI HÆÐ EN HEFUR VERIÐ Í SJÖ HÆÐA TURNI Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI. VIÐ RÆDDUM VIÐ SVEINBJÖRN INDRÍÐASON, FORSTJÓRA ISAVIA, OG SPURÐUM HANN ÚT Í ÞESSI TÍMAMÓT.

„Við hjá Isavia höfum um nokkurt skeið leitað að húsnæði sem hentar betur undir skrifstofur móðurfélagsins heldur en húsnæðið í Turninum við Reykjavíkflugvöll. Nýja húsnæðið í Dalshrauni uppfyllir vel okkar þarfir og færir okkur nær því að vera miðja vegu á milli Keflavíkflugvallar og þeirra sem við þurfum helst að vera í samskiptum við í okkar rekstri,“ segir Sveinbjörn. Starfsemi tveggja dótturfélaga Isavia, þ.e. Isavia ANS, sem annast flugleiðsöguþjónustu, og Isavia Innanlandsflugvalla, sem reka innanlandsflugvelli á grundvelli þjónustusamnings við íslensk stjórnvöld, færirst hins vegar ekki frá Reykjavíkflugvelli.

HEILSA STARFSMANNA Í FORGANG

Sveinbjörn segir aðspurður að þrátt fyrir að leitað hafi verið að hentugu

húsnæði hafi í raun alltaf verið ljóst hver yrði heppilegasta staðsetningin. Þegar svo áhrifa Covid 19 fór að gæta á Íslandi hafi komið önnur verkefni sem voru í meiri forgangi. „Í haust kom í ljós að það er mygla í Turninum og þá var með hraði tekin ákvörðun um að flýta flutningi höfustöðvanna. Þá stóð Dalshraunið til boða. Isavia setur heilsu starfsmanna sinna í forgang og það er aldrei boðlegt að bjóða upp á heilsuspillandi starfsumhverfi.“

Ein og hálf hæð þægilegri en sjö

Starfsemin verður á einni og hálfri hæð í nýja húsnæðinu, sem Sveinbjörn segir ólíkt þægilegra en að vera á sjö hæðum í Turninum. Það hafi haft mikið óhagræði í för með sér. „Reyndar gat það verið finasta hreyfing á annasömum degi að hlaupa á milli hæða, en þetta verður allt annað líf í Dalshrauninu. Staðsetningin gerir það líka að verum að við stytum ferðatímann mikið milli skrifstofunnar og Keflavíkflugvallar sem hefur gríðarlegt hagræði í för með sér fyrir fyrirtækið og starfsmennina.“

AÐSTADA TILBÚIN UM MIÐJAN DESEMBER

Spurður um hvenær búist er við að flytja segir Sveinbjörn að stafsfolk Isavia

sé mjög spennt yfir því. „Við vinnum það nú þegar, í undirbúningsvinnunni fyrir flutninginn, að Hafnfirðingar taka vel á móti okkur. Við höfum þegar fengið hæðirnar afhentar og nú er verið að vinna við að gera aðstöðuna tilbúna fyrir okkar starfsfólk. Við áætluðum að þeirri vinni ljúki um miðjan desember. Hins vegar er auðvitað

ennþá töluverður fjöldi skrifstofufólks í heimavinnu vegna sóttvarnaaðgerða í Covid-19 faraldrinum. Við fylgjumst vel með tilmælum Almannafráttavarnar og yfirvalda og fylgjum þeirra tilmælum þannig að það er enn óljóst hvenær við höfum endanlega komið okkur fyrir. Við hlökkum mikið til að hefja störf í Dalshrauninu,“ segir Sveinbjörn.



Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia.

Mynd: Aðsend

TRAUSTIR BÍLSTJÓRAR Á TRAUSTUM GRUNNI

ALLSKONAR FLUTNINGUR

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN HF
SÍMI 568-5000





AÐVENTAN-GENGIN Í GARÐ



Myndir: ODB og Eva Ágústa



MÆÐRASTYRKSNEFND FEKK RAUSNARLEGAR GJAFIR

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar fékk í nóvember aldeilis rausnarlegar gjafir úr tveimur áttum. Annars vegar var um að ræða 1.2 milljóna króna gjöf frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar, þar sem Fjarðarkaup gáfu 200.000. Hins vegar 450.000 sem söfnuðust þegar Litla Hönnunar Búðin og Litla Gallery héldu söfnunaruppböð í haust. 50 ólík og falleg verk voru gefin í uppboðið og fór það fram úr björtustu vonum þerra sem að stóðu og vilja skila innilegu þakklæti til listafólksins. Verslunin og galleríið bættu svo við 50 þúsund krónum, svo að heildarupphæðin varð hálf milljón.



HELGA BIRNA ÁTTRÆÐ

GLÖDDU HELGU BIRNU Á AFMÆLISDAGINN



HAFNFIRÐINGURINN HELGA BIRNA GUNNARSÓTTIR, FYRRUM ÞROSKAÞJÁLFI, VARÐ ÁTTRÆÐ 20. NÓVEMBER SIÐASTLÍBINN. „GRÍMUKLÆDDIR“ FÉLAGAR HENNAR Í ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAGI ÍSLANDS KOMU HENNI SKEMMTILEGA Á ÓVART MEÐ „DYRABJÖLLUATI“ OG SÖNG VID HEIMILI HENNAR AÐ LÆKJARKINN

8 Á AFMÆLISDAGINN.

Eins og sést á myndunum var Helga Birna steinhissa á umstanginu en afar glöð og þakklát. Hún hafði sjálf á orði að hún ætti hálf erfitt með tal vegna þess hversu hrærð hún var. Eftir að sjálfur afmælissöngurinn hafði verið

söngurinn hóf hópurnar upp raust sína og söng sjálfa Maístjörnuna, enda hefur Helga Birna verið mikil baráttukona alla tíð. Einnig voru viðstaddir nokkrir af hennar nánustu til að samfagna og að sjálfsgöðu fanga andartökin á nútímalegan og rafrænan hátt.

Á nýársdag árið 2013 sæmði þáverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Helgu Birnu riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu fatlaðs fólks, menntunar og félagsmála þroskaþjálfara.



Helga Birna var að vonum klökk og hrærð þegar afmælissöngurinn var sunginn.



Myndir: Eva Ágústa

BÍLABÍÓ Á FLENSBORGARPLANI



BUÐU Í BÍLABÍÓ Á BÍLASTÆÐINU

NFF, eða Nemendafélag Flensborgarskóla, bauð nemendum skólans upp á bílabíó á bílplani skólans 19. nóvember til að lífga upp á félagslífið sem vegna Covid 19 faraldurshefur verið mjög takmarkað. Að sögn Birkis Ólafssonar, fulltrúa nemendafélagsins, voru 60 - 70 bílar

á bílastæðinu og flest allt nemendur skólans. Horft var á hina vinsælu jólamynd Home Alone I og myndaðist gríðarleg stemning. Ljósmyndari Hafnfirðings, Eva Ágústa Aradóttir, tók meðfygjandi myndir og heyrði í Birki.



Myndir: Eva Ágústa

Ég varð strax svo ástfangin af feður landsins og mig langaði ekki aftur heim Krímskaga. Ég sagði foreldrum að ég skyldi að fela mig í heynu í fjósinu ti þess að missa af fluginu heim," segir Viktoría og hlær. Þau ákváðu síðan að rétti tíminn til að flytja alfarið til Íslands yrði þegar Viktoría lyki grunnskóla. „Svo bara gerðist margt í heiminum, alls kyns ástæður, sem töfðu fyrir, en ég hafði það alltaf að markmiði að flytja til Íslands og vera hjá bæði mömmu og pabba. Og það varð að raunveruleika sumarið 2010.“

HEFUR LÆRT MARGS KONAR TÆKNI Í MYNDLIST

Um þessar mundir vinnur Viktoría mikið stafrænar teikningar og það er aðal vinnan hennar, ásamt því að mála með vatnslitum. „Ég er svo heppin að geta lært margs konar tækni í myndlist og hef alltaf haft mögulega á að velja hvað og hvernig vil ég teikna/mála og jafnvel blanda tækni saman við og prófa eitthvað nýtt, sérstaklega þegar um er að ræða myndskreytingar.“ Viktoría er með vinnuaðstöðu í Íshúsi Hafnarfjarðar og kann afar vel við sig þar, innan um skapandi fólk. Hún situr ekki auðum höndum, enda nóg að gera og vinnutíminn oft langur, en að hennar sögn alltaf skemmtilegur.“

HANNAÐI FYRIR GÍSLA RÚNAR OG ALMANNAVARNIR

VIKTORÍA BUZUKINA HEFUR Í EITT ÁR VERIÐ MED VINNUSTOFU Í ÍSHÚSI HAFNARFJARÐAR VIÐ STRANDGÖTU 90. ÁRIÐ Í ÁR VAR VIKTORÍU ÓVENJU VIÐBURÐARÍKT OG UPPSKERUSAMT. HÚN VANN ALLAR MYNDSKREYTINGAR FYRIR VEFSIÐUNA ÍSLAND.IS OG EINNIG FYRIR ALMANNAVARNIR Í TENGLUM VIÐ COVID19. ÞÁ GAF ÚT SÍNA FYRSTU BÓK, UGLA EIGNAST VIN, OG VANN ALLAR MYNDSKREYTINGAR Í BÓKINNI GERVILIMRUR GÍSLA RÚNARS.

„Þetta var síðasta verk Gísla Rúnars Jónssonar og fyrsta bókin mín. Við unnum saman að bókinni í heilt ár. Fyrir mér eru þetta nærri 500 blaðsíður af minningum, þar sem við sátum saman yfir hverri síðu og ræddum. Ég er svo ánægð með að hafa hitt hann og við unnið saman. Þetta var einn færasti maður í íslensku tungumáli og ég, aðflutti Íslendingurinn, gat skilið hans sýn, blaðsíðu eftir blaðsíðu.

Útgáfuhófið, sem fram fór í beinni á Facebook, var mjög skemmtilegt, fullt af ást og góðum minningum og það var mikill heiður að deila þessi stund með fjölskyldu hans og vinum,” segir Viktoría.

EIGIN BÓK OG GRAFÍK FYRIR ALMANNAVARNIR

Viktoría gaf í haust einnig út sína fyrstu frumsömdu bók, Ugla eignast vin, að sjálfsgöðu með eigin teikningum. Þá fékk hún einnig það verkefni að útbúa teikningar fyrir vefsíðu island.is með Kosmos&Kaos og Þjóðaráttak almannavarna vegna kórónuveirunnar í samstarfi við Hvíta húsið auglýsingastofu. Landsmenn ættu að vera farnir að kannast vel við mörg verka Viktoríu. Hún er enn kölluð til ef ný tákn vantar.

FLUTTI FRÁ KRÍMSKAGA TIL ÍSLANDS 2010

Á grunnskólaárum Viktoríu réði faðir hennar sig til starfa á bóndabæ á Íslandi. „Hann vann hjá yndislegu fólki sem eru núna okkar bestu vinir. Ég og mamma komum hingað í fyrsta skipti til þabba um jólin 1998, þegar ég 11 ára.



Viktoría og Gísli Rúnar á góðri stund.

Mynd: Aðsend

NÝ ORKU-BOMBA

HJÁ LEMON

KYNNING

MISS FIT, ER ORKUBOMBA STÚTFULL AF VÍTAMÍNUM, KOLLAGENI OG HOLLUSTU, EINMITT ÞAÐ SEM KRÖPPURINN ÞARFNAST NÚNA. DRYKKURINN ER UNNINN Í SAMSTARFI VIÐ GURRÝ ÞJÁLFA OG FEEL ICELAND.

„Það skiptir svo miklu máli að við hugum að næringunni á tímum sem þessum. Ég elska að fara á Lemon og fá mér djús og samloku, hef unnið með fyrirtækinu að öðrum djús og var því ekki lengi að slá til og gera þennan djús með þeim. Amino Marine Collagen duftið frá Feel Iceland, sem er í Miss Fit, er framleitt úr íslensku fiskroði og hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir gæði. Það er tilvalið fyrir þá sem vilja minnka verki í liðum, viðhalda heilbrigðum líkama og bæta útlit húðarinnar,” segir Gurrý.





RIF BÝÐUR UPP Á EINS MANNS JÓLAHLAÐBORD Á PLATTA

ÞRIGGJA RÉTTA MÁLTÍÐ Á SAMA PLATTANUM

Myndir: OBP

ÆVAR OLSEN, MATREIÐSLUMEISTARI Á VEITINGASTADNUM RIF Í VERSLUNARMIÐSTÖÐBINNFIÐI, HEFUR VERIÐ Í BRANSANUM Í 43 ÁR. ÁSTRÍÐAN ER SANNARLEGA ENN TIL STAÐAR HJÁ ÆVARI, ÞVÍ HANN FÆR SÍFELT HUGMYNDIR SEM HANN PRÓFAR SIG ÁFRAM MEÐ OG MARGAR ENDA Á MATSEBLINUM. NÝJASTA HUGMYNDIN SEM VARÐ AÐ VERULEIKA ER N.K. EINS MANNS JÓLAHLAÐBORD Á STÓRUM PLATTA MEÐ DÝRINDIS FORRÉTTI, AÐALRÉTTI OG EFTIRRÉTTUM, Á AÐEINS 5.900 KRÓNUR.

„Á meðan það er svona gaman í vinnunni, þá held ég ótrauður áfram. Hér er góður andi og ég er afar heppinn með starfsfólk líka,“ segir Ævar kátur, en hann hefur ávallt vanið sig á að tala um viðskiptavinum sem gesti og gengur á milli borða til að athuga hvort allir séu sáttir. Veitingastaðurinn RIF var opnaður í júlí 2019 og fjöldi gesta frá upphafi eru orðinn 100 þúsund. Eins og á öðrum veitingastöðum þurfti að laga reksturinn að sóttvarnareglum á árinu og hefur Ævar lagt aukna áherslu á að hægt sé að sækja pantanir af matseðli og hefur verið brjálað að gera í því.

Fram að jólum verður hægt að kaupa „gómsætt gjafabréf“ á 5000 krónur, sem er tilvalin gæða-upplifun í jólagjöf. Að sjálfsögðu verður hægt að nota gjafabréfið á nýju ári líka.

ALVÖRU HÁTÍÐARMATUR Á GÓÐU VERÐI

„Við höfum líka passað vel upp á allar sóttvarnir hér innanhúss, verið með grímuskyldu, haft nægt pláss á milli borða og öll svæði eru þrífir vel og sprittuð eftir að gestir hafa átt hér góða stund,“ segir Ævar, sem ávallt hefur lagt áherslu á gott verð á réttum af matseðli og að allir aldurs hópar geti fundið eitthvað við hæfi. Á aðventunni mun hann bjóða upp á enn eina nýjungina, dýrindis þriggja rétta platta. „Þar erum við að tala um sko alvöru hátíðarmat, að okkar hætti. Forréttur: smjörsteikt risarækjur í hvítlaukslegi með hvítlauksbrauði. Aðalréttur: grillað andalæri „Confit“ með eplum, mangó, sultuðum rauðlauk, kartöflubátum og sérlagaðri andarijómásósu. Eftirréttur: tvenns konar góðgæti, epla crumble og berja-lagterta með lúxus sósu til að

dýfa í eða hella yfir. Það er mjög sniðugt að tveir kaupi platta saman, léttu drykki með og njóti þess að vera hér í

verslunarmiðstöð Hafnfirðinga,“ segir Ævar hlakkar til að taka á móti gestum á aðventunni.

Forréttur: Smjörsteikt risarækjur í hvítlaukslegi með hvítlauksbrauði.

Aðalréttur: Grillað andalæri Confit með eplum, mangó, sultuðum rauðlauk, kartöflubátum og sérlagaðri andarijómásósu.

Tvenns konar eftirréttur í boði.



GJAFABRÉF
.....

Nú getur þú látið þér hlakka til!
Þú átt inni gjafabréf á
RIF Restaurant að andvirdi:
5.000 kr

RIF
RESTAURANT

#

Gefðu upplifun:
Hægt er að kaupa gjafabréf á RIF, sem henta fullkomlega í jólapakkann.